


# Lýðræði í tómstundastarfi

REYKJAVÍKURBORG

Auður Björk Kvaran,
Ólöf Haflína Ingólfsdóttir og
Sigurður Sigurðsson,
þroskaþjálfar.




# Hvað er frítími?

Sá tími sem er afgangs þegar vinna og skyldur hafa verið dregnar frá og líkamlegum þörfum fullnægt.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Hvað eru tómstundir?

Athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum en flokkast ekki sem tómstundir nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur svo á að um tómstundir sé að ræða, að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif.




# Leiðarljós ÍTR

„Börnum og ungmennum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði.“




# Barnalýðræði

- Barnaráð og barnafundir.
- Börn hafa áhrif á líf sitt og starf.
- Efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð.
- Börn fá tækifæri til að æfa sig í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.




# Barnasáttmálinn

## 12. gr.

- 1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
- 2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.




# Barnasáttmálinn

## 31. gr.

- 1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.
- 2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Hvað segja ungmennin um lýðræði?





REYKJAVÍKURBORG




# Frístundaklúbburinn Hofið

- 19 ungmenni
- 10-16 ára
- Nemendur úr almennum grunnskóla
- Skipulagt starf 2 daga í viku
- Klúbbastarf

REYKJAVÍKURBORG




# Barnafundir

- Fundur haldinn að hausti
- Hugmyndir að þemum og vettvangsferðum
- Ungmennin stolt af sínum hugmyndum




„Við fáum aldrei að ráða annarsstaðar, bara hér. Og það er gott!“

-11 ára stelpa í Frístundaklúbb

REYKJAVÍKURBORG




„ Það er fínt að ráða frítímanum sínum, stundum veit maður samt ekkert hvað maður á að gera. Þá sit ég stundum bara og hugsa“.

-12 ára stelpa í frístundaklúbb

REYKJAVÍKURBORG




# Félagsmiðstöðin Askja

- 25 unglingar
- 13-16 ára
- Nemendur úr Klettaskóla
- Skipulagt starf 3 daga í viku




# Barnalýðræði

Hvernig virkjum við unglingana til að hafa áhrif á starfið?




# Unglingaráð

- 4 unglingar
- 2 starfsmenn




# Tilgangur

- Að efla þau til sjálfstæðrar hugsunar
- Að þau hafi rödd og áhrif á starfið
- Að þau finni að þeirra skoðanir skipti máli